



Réttur fatlaðra barna

Í tilefni af 30 ára afmæli Barnasáttmálans á þessu ári hefur verið ákveðið að gera nokkrum greinum hans hærra undir höfði og útskýra nánar inntak þeirra til fræðslu og upplýsinga.

Barnasáttmálinn var fyrsti alþjóðlegi mannréttindasáttmálinn með sérstaka tilvísun til fötlunar. Annars vegar er um að ræða bann við mismunun vegna fötlunar (2. gr. Barnasáttmálans) og önnur réttindi fatlaðra barna sem voru sérstaklega áréttuð í 23. gr. Barnasáttmálans. Grein október mánaðar fjallar um rétt fatlaðra barna.

23. gr. Barnasáttmálans

- 1. Aðildarríki viðurkenna að andlega eða líkamlega fatlað barn skuli njóta fulls og sómasamlegs lífs, við aðstæður sem tryggja virðingu þess og stuðla að sjálfsbjörg þess og virkri þátttöku í samfélaginu.
- 2. Aðildarríki viðurkenna rétt fatlaðs barns til sérstakrar umönnunar, og skulu þau stuðla að því og sjá um að barni sem á rétt á því, svo og þeim er hafa á hendi umönnun þess, verði eftir því sem föng eru á veitt sú aðstoð sem sótt er um og hentar barninu og aðstæðum foreldra eða annarra sem annast það.
- 3. Með tilliti til hinna sérstöku þarfa fatlaðs barns skal aðstoð samkvæmt 2. tölul. þessarar greinar veitt ókeypis þegar unnt er, með hliðsjón af efnahag foreldra eða annarra sem hafa á hendi umönnun þess, og skal hún miðuð við að tryggt sé að fatlaða barnið hafi í raun aðgang að og njóti menntunar, þjálfunar, heilbrigðisþjónustu, endurhæfingar, starfsundirbúnings og möguleika til tólmstundaiðju, þannig að stuðlað sé að sem allra mestri félagslegri aðlögun og þroska þess, þar á meðal í menningarlegum og andlegum eignum.
- 4. Aðildarríki skulu í anda alþjóðlegrar samvinnu stuðla að því að skipst sé á viðeigandi upplýsingum um fyrirbyggjandi heilsugæslu og læknisfræðilega, sálfræðilega og starfræna meðferð fatlaðra barna, þar á meðal með dreifingu á og aðgangi að upplýsingum um endurhæfingaraðferðir, menntun og atvinnuhjálp, er miði að því að gera aðildarríkjum kleift að bæta getu sína og færni og auka reynslu sína að þessu leyti. Hvað þetta snertir skal tekið sérstakt tillit til þarfa þróunarlanda.

2. grein Jafnræði – bann við mismunun

Barnasáttmálinn þjónar þeim tilgangi að veita börnum sérstaka vernd í ljósi viðkvæmrar stöðu þeirra og tryggir aðstoð sem þau kunna að þurfa á að halda. Barnasáttmálinn skilgreinir jafnframt þær forsendur sem þurfa að vera til staðar í samfélaginu svo að börn fái nauðsynlega umönnun með hliðsjón af aldri þeirra og þroska. Börn eru fjölbreyttur hópur og tryggir sáttmálinn þeim öllum víðtæka vernd og umönnun. Jafn réttur allra barna er ein af grunnstöðum

Barnasáttmálans. Í annari grein sáttmálans segir að öll börn eigi að hafa sömu möguleika „án tillits til kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungu, trúarbragða, stjórnmalaskoðana eða annarra skoðana, uppruna með tilliti til þjóðernis, þjóðháttar eða félagslegrar stöðu, eigna, fötlunar, ættneris eða annarra aðstæðna þess eða foreldris þess eða lögráðamanns.“ Af því leiðir að ekki má mismuna barni á grundvelli þessara forsendna.

Jafnræðisreglan er jafnframt ein af grunnhugmyndum mannréttinda almennt. Meginreglan um bann við mismunun er til dæmis grundvallarregla í lögjöf Evrópusambandsins og regluna er að finna í helstu mannréttindasamningum, ásamt 65. gr. íslensku stjórnarskrárinnar. Sérstakir alþjóðasamningar hafa einnig verið gerðir til að berjast gegn mismunun gagnvart tilteknum hópum fólks, s.s. konum og fötluðu fólki. Hugtökin **mismunun** og **jafnræði** eru í raun nátengd. Mismunun er þegar brotið er gegn jafnræðisreglunni og að **mismuna** merkir að fara í manngreinaralit og koma ólíkt fram við börn sem eru í sömu stöðu, eða að meðhöndla ólík tilvik eins og þau séu eins. Þegar komið er fram á þennan hátt, án þess að hlutlægar eða málefnalegar ástæður liggi til grundvallar, þá er brotið gegn jafnræðisreglunni.

Innleiðing Barnasáttmálans snýst um að bæta umhverfi barna í heild. Til þess þarf að huga að almennri fræðslu til fullorðinna um efni sáttmálans og hvaða skyldur fullorðnir hafa gagnvart börnum samkvæmt sáttmálanum. Dæmi um hvernig fullorðnir sem vinna með börnum geta fylgt jafnræðisreglunni í sínu daglega starfi er að spyrja sig **hvernig** jafnræði meðal barna sé tryggt í raun. Þá er mikilvægt að líta til þess að reglur, viðhorf og viðmót fullorðinna endurspegli jafnræðisregluna.

Almenn athugasemd númer 9

Almennar athugasemdir barnaréttarnefndarinnar skipta miklu máli fyrir túlkun á Barnasáttmálanum og þróun hans. Þær geta snúið að ákveðinni grein Barnasáttmálans eða verið almennar hugleiðingar nefndarinnar um tiltekin réttindi barna.

Árið 2006 gaf barnaréttarnefndin út almenna athugasemd númer 9 sem fjallar um 23. gr. sáttmálans og réttindi fatlaðra barna. Þar leggur nefndin áherslu á að börn sem búa við fátækt og fötlun eru í sérstökum áhættuhópi og að taka þarf mið af því í fjárhagsáætlunargerð. Í því felst að tryggja þarf fötluðum börnum aðgang að félagsþjónustu og fjárhagsaðstoð og leggja á fram áætlanir sem vinna að því að draga úr fátækt.

Barnaréttarnefndin áréttar að börn með fötlun upplifa margskonar hindranir sem koma í veg fyrir að þau fái notið réttinda sinna samkvæmt Barnasáttmálanum. Nefndin tekur sérstaklega fram að það er ekki fötlunin sem kemur í veg fyrir það heldur samsetning margra þátta, félagslegra, menningarlegra og líkamlegra ásamt viðhorfum sem fötluð börn upplifa á hverjum degi. Því þurfa stjórnvöld að vera meðvituð um og fjarlægja þessar hindranir svo fötluð börn geti notið réttinda sinna til jafns við aðra.

Nánar um inntak 23. gr. Barnasáttmálans

Til að uppfylla kröfur sem gerðar eru til stjórnvalda samkvæmt 23. gr. þarf að innleiða heildstæða stefnu um aðgerðir til að styðja við fötluð börn og foreldra þeirra þannig að þau fái

viðeigandi og sértæka þjónustu sem gerir þeim kleift að njóta réttinda sinna til jafns á við önnur börn.

1. mgr. 23. gr. :

Í 1. mgr. 23. gr. er að finna meginreglu um réttindi fatlaðra barna við innleiðingu á Barnasáttmálanum. Allar aðgerðir stjórnvalda sem snúa að réttindum fatlaðra barna ættu að taka mið af því að börn fái notið fulls og sómasamlegs lífs, við aðstæður sem tryggja virðingu þeirra, og stuðla að sjálfsbjörg og virkri þátttöku í samfélaginu. Megininntak greinarinnar er að fötluð börn eiga alltaf rétt til þátttöku á öllum sviðum samfélagsins.

2. mgr. 23. gr.:

Réttur fatlaðs barns til sérstakrar umönnunar skv. 2. mgr. 23. gr. felur í sér að öll umönnun og aðstoð verður að taka mið af einstaklingsbundnum þörfum og á þjónustan að vera gjaldfrjálst þegar því verður við komið.

Umönnun fatlaðra barna og stuðningur við þau á að miða að því að tryggt sé að þau hafi aðgang að menntun, þjálfun, heilbrigðisþjónustu, endurhæfingu, undirbúningi fyrir þátttöku á vinnumarkaði og öðrum tækifærum.

Samspil 23. gr. við meginreglur Barnasáttmálans

Jafnræði – Bann við mismunun (2. gr.)

Samkvæmt 2. gr. Barnasáttmálans ber stjórnvöldum að tryggja að öll börn innan íslenskrar lögsögu fái notið réttinda sinna samkvæmt sáttmálanum án mismununar af nokkru tagi. Það felur í sér skyldu stjórnvalda til að grípa til viðeigandi ráðstafana til að koma í veg fyrir mismunun á grundvelli fötlunar. Fötluð börn eru sérstaklega viðkvæmur hópur sem mikilvægt er að hafa í huga við beitingu og túlkun 23. og 2. gr. Barnasáttmálans. Fötluðum börnum er mismunað á ýmsan hátt, þau fá oft ekki menntun við hæfi og er jafnvel neitað um aðgang að heilbrigðisþjónustu og viðeigandi stuðning. Skortur á menntun við hæfi getur síðan orðið til þess að þau missi af atvinnutækifærum í framtíðinni.

Grípa þarf til eftirfarandi ráðstafana:

- a) Ávarpa fötlun sérstaklega þar sem bann við mismunun kemur fyrir, til dæmis í stjórnarskrá, lögum, reglugerðum og aðgerðaáætlunum.
- b) Sjá til þess að til staðar séu virk úrræði fyrir börn ef brotið er gegn banni við mismunun á grundvelli fötlunar og tryggja aðgengi fatlaðra barna og umönnunaraðila þeirra að þeim úrræðum.
- c) Gefa út sérstakt kynningar- og fræðsluefni um fötluð börn og þjónustu við þau og standa reglulega fyrir kynningarátaki sem beinist að almenningi og fagfólki til að koma í veg mismunun barna á grundvelli fötlunar.

Þá hefur barnaréttarnefndin sérstakar áhyggjur af stúlkum með fötlun þar sem þær eru í jafnvel enn viðkvæmari stöðu en fatlaðir drengir vegna kynjamisréttis. Nefndin hvetur stjórnvöld til að

huga sérstaklega að þeim hópi og tryggja að hugað sé að öryggi fatlaðra stúlkna og greiðum aðgangi þeirra að allri þjónustu.

Það sem er barninu fyrir bestu (3. gr.)

Það sem er barninu fyrir bestu þarf alltaf að vera útgangspunktur þegar löggjöf er sett í málefnum fatlaðra barna og þegar ákvarðanir eru teknar sem snerta einstök fötluð börn eða hóp þeirra. Öll stefnumótun sem varðar fötluð börn og þjónustu við þau þarf að byggja á 3. gr. Barnasáttmálans.

Þá kemur greinin sérstaklega til skoðunar þegar stofnanir eða aðrir þjónustuaðilar veita fötluðum börnum þjónustu. Hafa þarf ákveðna þætti í fyrirrúmi eins og öryggi, vernd og umönnun barnanna í samræmi við það sem er barni fyrir bestu. Þessir þættir eiga ávallt að ganga framfarum öðrum hagsmunum við t.d. úthlutun fjármagns.

Réttur til að láta skoðanir sínar í ljós og hafa áhrif (12. gr.)

Ákvarðanir eru teknar og stefnur settar í málefnum fatlaðra barna án aðkomu þeirra, en 12. gr. Barnasáttmálans kveður á um rétt barna til að láta skoðanir sínar í ljós og hafa áhrif. Það er lykilatriði að fötluðum börnum sé gert kleift að láta skoðanir sínar í ljós og hafa áhrif í samræmi við aldur og þroska. Það á einnig við um þegar ákvarðanir eru teknar sem hafa áhrif á fötluð börn af t.d. þingnefndum, starfshópum eða á öðrum vettvangi. Þannig er hægt að taka upplýstar og markvissar ákvarðanir um málefni fatlaðra barna sem þjóna þörfum þeirra og vilja. Einnig ber alltaf að veita barni aðstoð eða sérstakan stuðning við að tjá sig þannig að það geti sem best komið skoðunum sínum á framfæri.

Iðulega er þátttaka fatlaðra barna takmörkuð við málefni sem varða eingöngu fötluð börn en barnaréttarnefndin telur slíkt leiða til frekari jaðarsetningar og einangrunar. Öll áætlanagerð sem varðar börn þarf að taka mið af þörfum fatlaðra barna.

Innleiðing 23. gr. Barnasáttmálans

Stjórnvöld þurfa að ganga úr skugga um að öll löggjöf og stefnumótun sé í samræmi við réttindi fatlaðra barna. Þá ætti að vera til staðar sérstök aðgerðaráætlun fyrir réttindi fatlaðra barna með mælanlegum markmiðum. Barnaréttarnefndin gerir einnig kröfu til stjórnvalda um að setja á fót fyrirkomulag sem felur í sér nákvæma gagnasöfnun sem er stöðluð og þannig úr garði gerð að hún endurspegli raunverulega aðstæður fatlaðra barna í samfélaginu. Einnig áréttar nefndin að það er á ábyrgð stjórnvalda að sjá til þess að þjónusta við fötluð börn sé aðgengileg og nægilega fjármögnuð og að settar séu lágmarkskröfur um hvað þjónustan á að fela í sér. Staðreyndin er hins vegar sú að oft sinna félagasamtök því hlutverki án þess að fá viðeigandi stuðning til þess. Barnaréttarnefndin hvetur aðildarríki því til að styðja við og/eða stofna til samstarfs við félagasamtök ef við á.

Aðgengi fatlaðra barna að upplýsingum

Aðgengi að upplýsingum og ýmsum samskiptatækjum geta stuðlað að fullri þátttöku og sjálfstæðu lífi fatlaðra barna. Fötluð börn og umönnunaraðilar þeirra ættu að hafa greiðan

aðgang að upplýsingum sem varða fötlun barnsins, eins og um einkenni, orsakir, horfur og rannsóknir. Þannig getur barnið frekar tekið þátt í ákvarðanatöku um eigið líf og tekið upplýstar ákvarðanir sem snúa að þörfum og umönnun þess. Einnig er mikilvægt að fötluð börn hafi aðgang að viðeigandi tækni og annarri þjónustu sem veitir aðgang að fjölmiðlum, þar á meðal sjónvarpi, útvarpi, prentuðu efni ásamt öðrum tækninýjungum sem eru í stöðugri þróun eins og internetinu.

Réttur til heilsuverndar

Barnaréttarnefndin leggur sérstaka áherslu á að heilbrigðisþjónusta fyrir fötluð börn sé veitt á sama vettvangi og önnur opinber heilbrigðisþjónusta. Alltaf ætti að miða að því að slík þjónusta sé gjaldfrjál og byggja þarf á nýjustu þekkingu hverju sinni. Þá ætti einnig að leggja áherslu á að barnið geti fengið heilbrigðisþjónustu, endurhæfingu og sjúkráþjálfun í nærumhverfi sínu. Einnig þurfa stjórnvöld að huga sérstaklega að því að heilbrigðisstarfsmenn sem sinna fötluðum börnum fái til þess sérstaka þjálfun þannig að þjónustan sé barnvæn og veitt út frá þörfum barnsins hverju sinni. Ávallt á að byggja á nýjustu þekkingu og alþjóðlegri samvinnu í heilbrigðismálum.

Þvingaðar ófrjósemisaðgerðir

Barnaréttarnefndin hefur lýst yfir alvarlegum áhyggjum af þvinguðum ófrjósemisaðgerðum á fötluðum börnum og ungmennum, þá sérstaklega fötluðum stúlkum. Nefndin tekur fram að slíkar aðgerðir séu alvarlegt brot gegn rétti barna til líkamlegrar friðhelgi og geta haft slæm áhrif á líkamlega og andlega heilsu barnsins. Barnaréttarnefndin hvetur því aðildarríki til að lögfesta bann gegn slíkum aðgerðum.

Íþróttir

Að lokum tekur barnaréttarnefndin fram að fötluð börn ættu að hafa jafn greiðan aðgang að tólmstundum og íþróttum og önnur börn. Þá skiptir miklu máli að keppnisíþróttir sem og aðrar íþróttir séu þannig skipulagðar að fötluð börn geti tekið þátt þegar það er mögulegt. Íþróttir eru oft vettvangur þar sem fötluð börn þurfa að æfa með íþróttafélögum fatlaðra vegna líkamlegra krafna sem gerðar eru til tiltekinna íþróttar. Er það m.a. gert til að tryggja öryggi þeirra og tryggja að þau geti tekið þátt á jafningjagrundvelli. Ef fatlað barn er fært um að keppa við börn sem eru ekki fötluð þá ætti að hvetja það og styðja til þátttöku. Einnig vekur barnaréttarnefndin sérstaka athygli á því að þegar fötluð börn eru þátttakendur í íþróttaviðburðum ættu fjölmiðlar að veita þeim atburðum jafn mikla athygli og öðrum sambærilegum viðburðum.

Um fjöllun um 23. grein Barnasáttmálans er rituð af starfsmanni umboðsmanns barna.

Um fjöllun um 2. grein Barnasáttmálans er rituð af starfsmanni UNICEF á Íslandi.